

Skíðagöngufélagið Ullur

Fundargerð stjórnar

Dagsetning: 6. nóvember 2023. kl. 17:30-19:00

Staðsetning: Holtasmári 1. Kópavogi.

Mætt voru: Ari Wendel (AW), Baldur Helgi Ingvarsson (BHI), Bergþóra Baldursdóttir (BB), Íris Marelsdóttir (ÍM) fundarritari, Málfríður Guðmundsdóttir, Sigrún Melax (SM), Trausti Árnason (TÁ).



Málefni fundar

- Fundargerð frá 2.10 lögð fram til samþykktar.** Samþykkt.
- Eftirfylgni mála.**
 - Tilskilin leyfi vegna skálabyggingar eru í höfn.
 - Lóðarleigusamningi hefur verið þinglýst.
 - Fylgja þarf eftir málum er varðar skipulag gönguskíðasvæðisins
- Skíðaping 2023.** Gönguskíðamenn hittust fyrir þing og stilltu saman strengi. Ný gjaldskrá vegna móta samþykkt. Ekki urðu breytingar á stjórn SKÍ. Reglur vegna liðakeppni Íslandsgangna rýmkaðar. Stjórn Ullar er sammála um að hvetja sína félagsmenn til að sækja mot og mynda lið. Gera þarf frétt á vef og facebook. ÍM og MG fylgja eftir. Stefnumótunarnefnd SKÍ er orðin virk og kallað verður eftir ábendingum og fólki til að taka þátt í stefnumótun frá aðildarfélögum. SKÍ stefnir að námskeiðum fyrir þjálfara í vetur. Einar Ólafs er formaður skíðagöngunefndar SKÍ.
- Skálabygging Ullar í Bláfjöllum.** AW fór yfir kostnað og frekari fjármögnun. Heildarkostnaður vegna skálabyggingar er 31-37 milljón kr. ¾ þessa fjármagns eru til staðar en leita þarf eftir fjármagni fyrir því sem upp á vantar. Umræða um fjármögnunarleiðir og hugmyndir lagðar fram s.s: frjáls framlög, leita styrkja, fara í samstarf við valin fyrirtæki og bjóða skíðagöngunámskeið til starfsmanna þeirra gegn framlagi, standa fyrir skíðamaraþoni og safna áheimum. Umræðu mun haldið áfram á næsta fundi og allir leita frekari upplýsinga. Stjórn Ullar vill koma á framfæri hrósi og þökkum til þeirra sem lagt hafa fram vinnu við að steypa plötu undir skálann. Í gær mættu erlendir verktakar í Bláfjöll og vinna er hafin við að reisa hann. Ef áætlanir ganga eftir verður búið að reisa og loka skálanum fyrir næstu áramót.
- Fjármál Ullar.** Farið yfir fjármálin og helstu leiðir til að afla tekna. Námskeið eru góð tekjulind og þar liggja fleiri tækifæri. Ráða þarf starfsmann frá áramótum og fram í apríl. Fundarmenn eru sammála um að ganga aftur til samninga við sama starfsmann og var veturinn 2023. Gera þarf nýja starfslýsingu. TÁ fylgir málinu eftir. Starfið felst í umsjón með námskeiðum og skíðaleigu.
- Kynningarmál Ullar.** Allir eru sammála um að gera má betur. MG er vefstjóri og færir upplýsingar inn á vef og á facebook og Instagram. TÁ hefur einnig skrifaðgang. Allir eru ábyrgir fyrir því að miðla upplýsingum/fréttum til MG sem færir á vef. Öll miðlun upplýsinga er varðar starfsemi Ullar þarf fyrst að fara á svæði Ullar og svo má hver og einn deila.. Gæta þarf að því að nota lógó Ullar. Ákveðið að hafa kynningarkvöld Ullar þann 22. nóv n.k. á miðvikudegi. Stefnt að því að halda fundinn í Langholtskirkju. Rætt um að bjóða þeim sem selja skíði að vera með búnað til sölu á kynningarfundum. BHI fylgir kynningarfundum eftir og gerir drög að dagskrá. Kynna þarf barnastarf, unglíngastarf, fullorðinsstarf, skálabyggingu, Íslandsgöngur ofl.
- Stefnumótun Ullar.** Ákveðið að halda stefnumótunardag á Þrettándanum 2024, þann 6. janúar kl. 09-13 í Bláfjöllum ef veður leyfir. Markmið fundarins er að efla félagsmenn, skilgreina stefnu, efla skíðagöngu og styrkja samstarf við styrktaraðila og almenning. Ullur

er með 6000 fylgjendur á facebook. Öllum félagsmönnum Ullar verður boðin þátttaka, sem og íþróttafulltrúum sveitarfélaganna á höfuðborgarsvæði og forsvarsmönnum SKÍ. Morgunhressing í boði og skipt í umræðuhópa sem ræða málin í tvær klst. Stjórn leiðir umræðuna og svo er niðurstöðu hópa skilað á veggspjaldi. Verkefni/hugmyndir sem fram koma á veggspjöldum er gefin einkunn af þátttakendum og þannig myndast forgangs röðun verkefna. TÁ fylgir málinu eftir.

8. **Eruoloppet.** BHI er tengiliður Ullar.
9. **Félagsgjald Ullar fyrir komandi ár.** Samþykkt upphæð: 4900 kr. Samþykkt að nota Aur appið eitt ár til viðbótar. Semja þarf við Everest að fá afslátt af merktum fatnaði fyrir félagsmenn. Ullur greiðir árskort í braut fyrir þjálfara og stjórn Ullar.
10. **Ráðstefnan Vinnum Gullið verður þann 20 nóv.** Samþykkt að setja frétt á heimasíðu og senda upplýsingar á þjálfara Ullar.

Fleira ekki fært til bókar

Fundi slitið kl. 19:00